



# Lífgeislur

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur. 14. tbl. Nóv. 1977



Fyrir öllum liggur, fyr eða síðar, að sækja fram til hinnar æðstu fullkonnunar.

*Helgi Pjeturss*

# Fjarlæg vetrarbraut NGC 1300

(Sjá forsíðumynd).

Mjög er útlit vetrarbrauta ólíkt, og fer það nokkuð eftir því, hvernig þær snúa við frá okkur að sjá, en einnig eftir því, hvernig raunveruleg lögun þeirra er. Stjörnufræðingar skipta þeim í ýmsa flokka eftir útliti þeirra og gerð: Sporöskjulagaðar vetrarbrautir, kringlulaga vetrarbrautir og þyrillaga vetrarbrautir, en af þeirri gerð er okkar vetrarbraut. Auk þess eru til vetrarbrautir með óreglulegri lögun og sérkennilegri á ýmsan hátt. Þá eru Seyfert vetrarbrautir og Kvasar vetrarbrautir, sem að ljósmagni taka langt fram öllum öðrum vetrarbrautum, og hafa auk þess ýmsa aðra sérstæða eiginleika, svo að stjörnufræðingar eiga enn í hinum mestu erfiðleikum með að skilja eðli þeirra, því Kvasarar virðast að ýmsu leyti brjóta í bága við þau eðlisfræðilegu lögmál, sem hingað til hafa þótt góð og gild og verið viðurkennd.

Myndin á forsíðu sýnir eina gerð þyrilvetrarbrauta og mætti kalla þessa gerð þeirra bjálkavetrarbrautir á íslensku, samkvæmt erlendum fyrirmyndum.<sup>1)</sup>

Bjálkavetrarbrautir eru mjög hliðstæðar venjulegum þyrilvetrarbrautum að öllu leyti, eins og t. d. að því er snertir tegundir stjarna, sem þær samanstanda af, efnismagni þeirra og birtu, og rykskýjum, sem svo mikið er af í þyrilvetrarbrautum. Einnig eru þær umluktar kúlulaga stjörnuþyrpingum, eins og aðrar þyrilvetrarbrautir.

*Ingvar Agnarsson.*

(Myndin er fengin úr *Astronomie vom Altertum bis heute*, eftir Johan Darschner o. fl.).

---

<sup>1)</sup> Á ensku eru slíkar vetrarbrautir kallaðar Barred Spirals, á dönsku Bjælkegalakser, á þýsku Balkenspirale og á frönsku Galaxie barrées.



## Erindi og greinar

### ALDASKIPTARÁÐSTEFNA Á ÍSLANDI

Vísindaráðstefnan „Frontiers of Physics“ sem haldin var í Reykjavík 6.—12. nóvember 1977 tel ég að marki tímamót að því leyti, að með henni urðu Íslendingar, og þá sérstaklega íslenzkir menntamenn, fullkomlega varir við það hve öflug hreyfing fyrirburðarannsókna er orðin í vísindaheiminum. Tugir eðlisfræðinga í fremstu röð komu hér saman, beinlínis í þeim tilgangi að ræða með vísindalegum rökum þau fyrirbæri, sem mörgum hefur orðið svo erfitt að setta sig við að ættu sér stað. Íslenzkir menntamenn fengu hér að sjá skarð rofið í þann Kínamúr andlegrar einangrunar, sem þeir hafa hlaðið utan um sig á undanförunum árum. Sá tími, sem taldi það til menntunar að vita ekki af fyrirbærum, sem augljóslega eiga sér stað, er liðinn, og kemur aldrei aftur.

#### *Aðdragandi.*

Ég var staddur á ráðstefnu þeirri í Lundúnum, sem sagt er frá í síðasta Lífgeislablaði (október 1977) og hafði nýlokið við að flytja erindi og var kominn fram á gang eða pall þar sem ráðstefnufólk var að fá sér sopa, skoða bækur og ræða saman. Sá ég þá hvar kemur í átt til mín snotur kona, dökkhærð og bláeyg, lágvaxin, sem ég hafði ekki séð fyrr, og kynnir hún sig fyrir mér. Segist hún hafa tekið eftir bók á borðinu sem vakið hafi athygli sína. Konan sagði, að það fyrsta sem hún tók eftir, hefði verið vetrarbrautin framan á kápu, enda væri það sú hin sama sem „félag okkar“ hefði stundum verið að birta myndir af. En þegar hún fór að spyrja sölumanninn um höfundinn, var henni sagt, að hann stæði þarna, og væri nýbúinn að halda erindi. Gekk hún þá til mín og í samtalinu við hana fékk ég mína fyrstu vitneskju um það félag, sem heitir ORB-Foundation, og ég átti síðan eftir að hafa þó nokkur samskipti við næstu vikur. Það var vetrarbrautin NGC 4594 sem leiddi okkur Diönu Adkins saman.



Konan sagði: „Við höfum verið að leggja fyrstu drög að því að unnt verði að halda ráðstefnu um svipað efni og er á þessari hér, og við höfum hug á að hún verði haldin á Íslandi. Viltu hjálpa okkur til þess að svo megi verða?“ Ég játaði þessu undir eins, án þess nærri því að vita hverju ég var að játa. Ég hugsaði sem svo, að ekki sakaði að reyna, og að máttur málefnis Nýals gæti verið þó nokkur, þegar á reyndi. „Viltu sjá til þess að ríkisstjórnin bjóði okkur heim og að borgarstjóri taki á mótí okkur að ráðstefnunni lokinni?“ „Ég býst við að það verði hægt“, sagði ég. „Það er mikið undir því komið, að ráðstefnan fái gott næði, til starfa, því allur erill er þreytandi“, sagði konan. „Það eru góðar vonir til að þið verðið fyrir mjög litlu ónæði í jafn afskekktum stað og Reykjavík er“ sagði ég, eða eitthvað tilsvareandi. Ég skil varla enn þann dag í dag hvernig ég fór að því að játa öllu svona hiklaust.

Þrem vikum síðar var ég að segja frá Lundúnaráðstefnunni á fundi Félags Nýalssinna að Álfrólsvégi 121, og þegar ég hafði þar rétt lokið máli mínu, kallar sonur minn til mín að símtal sé við London. En það voru þá þær stöllur í ORB að spyrja hvort nokkuð væri að vanbúnaði hér. En ég sagðist standa við mitt, og sögðust þær þá koma til landsins eftir fáeina daga og ganga frá öllum undirbúningi. Ég fór síðan upp á fundinn og sagði viðbótartíðindin, og gat þetta varla hitzt betur á, því á fundinum var staddur kunnur spíritisti, sem bauð fram aðstoð sína við undirbúninginn og reyndist mér í mörgu hin mesta hjálparhella

Þessi undirbúningur ráðstefnunnar, sem ORB annaðist voru atriði eins og fjármál og samningar, við hótél og aðra veitendur, flugferðir, samband við íslenskt menningarlíf, þátttaka Íslendinga og yfirleitt allt sem varðaði hina ytri umgerð ráðstefnunnar unz hægt væri að bjóða vísindamönnunum fullbúinn ramma fyrir þá dagskrá, sem þeir síðan gætu hagað eftir vild. Undirbúningur ráðstefnunnar var þannig tvíþættur: sá sem unninn var af ORB og varðaði umgerð og ytri skilyrði, hinsvegar undirbúningur vísindamannanna sjálfra á fundahöldum sínum og efnismæðferð. En kjarninn í vísindaliðinu voru flestir hinir sömu menn og þeir sem tekið höfðu þátt í ráðstefnu í Tarrytown í New York-fylki, Bandaríkjunum, árið 1975, en sú ráðstefna leiddi til þess að gefin var út bókinn *The Geller-Papers*, sem geysilega mikla athygli hefur vakið. En síðan hafa þessir 25 sem að henni stóðu ekki hitzt í heild, fyrr en nú að dr. Andrija Puharich hvatti til að komið yrði



saman aftur. En þeir guldu allir jáyrði við, sem til var leitað, og var þá afráðið að halda ráðstefnuna í borg þeirri, sem Reykjavík nefnist á Íslandi og mun það hafa haft nokkuð að segja um það staðarval, að kunnugt hefur orðið um almennan áhuga Íslendinga á þeim málum er ræða skyldi. Dr. Puharich sagði mér á ráðstefnunni að fyrir mörgum árum hefði hann lesið Interstellar Communication frá Íslandi, sem ég var ritstjóri að, og hefði það haft veruleg áhrif á hugsun sína um þessi mál. En síðar hefði hann kynnt Guðmundi Einarssyni og þar með hefðu hafizt bein tengsl sín við Ísland, sem náðu loks tilgangi sínum með þessari þýðingarmiklu ráðstefnu, sem hér væri haldin.

Íslendingar þeir sem beinan þátt tóku í störfum ráðstefnunnar, voru þá þessir, auk okkar Guðmundar: Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum, sem setti ráðstefnuna, Þorsteinn Þorsteinsson lífefnafræðingur, Ævar Jóhannesson starfsmaður Raunvísindastofnunar, Ævar Kvaran leikari og Helgi Vigfússon kennari. Fjórir þessara sjö eru því á ýmsan hátt mjög tengdir heimspeki Nýals, en þrír eru spíritistar og er ástæða til að fagna slíkri samfylgd manna, sem margt eiga sameiginlegt. Einnig kom Félag Nýalssinna þarna við sögu á þann hátt að leggja fram kr. 50.000,00 til greiðslu á menningaratriði í kvölddagskrá, og vil ég af hendi forsvarsmanna ORB bera fram þakkir til Félags Nýalssinna, sérstaklega stjórnarmannanna Ingvars Agnarssonar og Gunnars Grímssonar gjaldkera, sem greiddu fyrir þessu framlagi til ráðstefnunnar.

#### *Frá sunnudegi til föstudags.*

Við setningarathöfn á Hótel Loftleiðum klukkan 9 á sunnudagskvöld 6. nóvember töluðu: Diana Adkins, undirritaður, Sir John Whitmore og Þorsteinn Jónsson, sem setti ráðstefnuna með ávarpi sem snúði var á ensku og mikla athygli vakti. Sir John Whitmore, kunnur menntamaður og kappakstursmaður af norskum ættum gerði grein fyrir hinni væntanlegu ráðstefnu í forföllum dr. Puharichs, sem þá var ókominn til landsins. Allir ræðumenn töluðu stutt, og lauk því athöfninni snemma, og gátu því ráðstefnumenn hafið störf sín ópreyttir að morgni mánudagsins.

Á mánudag kl. 6 talaði Þorsteinn Þorsteinsson lífefnafræðingur, og tóku hinir erlendu mikinn þátt í umræðunum um það erindi að mér var sagt, en ég var þá suður á flugvelli að sækja nýja gesti. Erindi Þorsteins er að stofni til byggt á gamalli grein eftir hann, sem birtist í Íslenzkri stefnu 1951, og verð ég að segja, að ég



fagnaði því erindi í hinum nýja búningi eins og gömlum vini.

Á mánudagskvöld dreifðust hinir erlendu gestir á ýmis heimili í Reykjavík og nágrenni, þar sem húsráðendur buðu í kvöldkaffi og samræður. Á ráðstefnan ekki lítið að þakka hinum ágætu gestgjöfum, enda rómuðu gestirnir mjög allar viðtökur.

Á þriðjudag kl. 6 talaði ég um eðli drauma samkvæmt kenningu Nýals, og var það að mestu samhljóða því, sem ég hafði flutt í London, því að ég átti að flytja aðalerindi mitt á fimmtudag, og geymdi mér því ýmsar helztu röksemdir. Fyrstu viðbrögð við erindi mínu voru mjög skemmtileg. „Það er gaman að heyra hve afstaða ykkar íslenzku vísindamannanna er jákvæð og afdráttarlaus“, sagði einn hinna erlendu áheyranda — en það var enginn annar en frú Greta Woodrew, sem síðar kom mest við sögu. Dr. Wilbur Franklín sagði við mig: „mjög gott erindi“, og: „Í Ameríku höfum við prófessor Stanley Krippner, sem kennir fjarhrifa-draumafræði við Kaliforníuháskóla og hefur fjörutíu doktora sem nemendur“. Dr. Franklín er mjög hófsamur maður, sem hefur sjálfstraust stórþjóðarmannsins, og telur hann þýðingarmikið fyrir heimsfriðinn, að unnt verði að koma á samstarfi við rússneska fyrirburðafræðinga, en það hefur orðið æ erfiðara á síðustu árum. Edvard Naumov í Moskvu hefur verið sleppt úr fangavist og leyft að starfa á ný, og ef hann fær aukið svigrúm er góðs að vænta því hann er maður sem lítur til íbúa annarra stjarna í sambandi við fjarhrifatilraunir.

Á þriðjudagskvöld voru íslenzk skemmtiatriði: Þjóðdansafélag Reykjavíkur, og síðan Nanna Egils Björnsson og Ólafur Vignir Albertsson með íslenzk lög frá fyrri hluta þessarar aldar, og gaf frú Nanna sitt framlag. Á miðvikudagskvöld var frú Kristín Guðbjartsdóttir og flokkur hennar með „Light Nights“ sem þau af mikilli góðfýsi æfðu sérstaklega fyrir þessa ráðstefnu. Öll þessi atriði vöktu almenna aðdáun gestanna.

Á miðvikudag var ég viðstaddur nokkra mjög fróðlega fundi vísindamanna, sem síðar skal að vikið.

Á fimmtudag hafði Diana orð á því við mig að vísindamenn væru nú þreyttir orðnir á löngum dagskrám og þyrftu að geta átt hægán dag. Lét ég þá undireins eftir að fella niður íslenzku erindin, Ævars Kvaran og okkar Ævars Jóhannessonar, sem ég hafði reyndar vænt mér ýmislegs af. Úr þessu var þó að nokkru bætt á föstudag kl. 2 með því að Ævar Kvaran og Guðmundur Einarsson verkfræðingur fluttu erindi, en ég var beðinn að stýra



þeim fundi, og get ég ekki annað sagt en að mér þótti það skemmtilegt hlutverk. Ævar talaði um Hafstein miðil og Guðmundur um landvættir og ýmis forn teikn. Og hef ég nú getið allra erinda Íslendinga á þessari ráðstefnu, en þess ber að geta að við Guðmundur fengum aðgang að hinum lokuðu fundum eðlisfræðinganna, og sat Guðmundur þá flesta, en ég nokkra, og einnig tókst mér að koma Ævari Jóhannessyni inn á einn með tilvísun til frumkvæðis hans í Kirlian ljósmyndataekni.

Af þeim erindum, sem ég heyrði, fannst mér mest til um það sem flutti O. Costa de Beauregard hinn franski, en hann mun vera í allrafremstu röð sem eðlisfræðingur, og hreinn listamaður er hann í framsetningu, svo að ég gleymdi fáfræði minni á þessu sviði við að hlusta á hann. Ég sagði honum á eftir hvað mér hefði fundizt um ræðu hans og held ég að honum hafi þótt vænt um það.

#### *Einstein hafði rangt fyrir sér.*

Costa de Beauregard sýndi fram á það í sinni ræðu, að Einstein hefði á sínum tíma átt um þrjá kosti að velja í einu grundvallaratriði eðlisfræðinnar, og fólst í einni lausninni að fjarhrif væru viðurkennd, en þeim kosti hafnaði Einstein, með þeim rökum einum að fjarhrif mætti ekki viðurkenna. Virðist mér þetta geta skýrt að nokkru hve rangsnúíð hugarfar menntamanna tuttugustu aldar hefur verið gagnvart slíkri reynslu, og hefur Einstein orðið meiri óhappamaður en hugur megí nema. — „Við vitum nú“, sagði Costa de Beauregard, „að þessi stefna er ekki rétt, og að við hljótum að beina eðlisfræðinni inn á þá braut sem samrýmist fjarhrifum“. Ted Bastin frá Cambridge brann í skinninu að hefja umræður um þetta grundvallaratriði, en Diana sagði að matur væri á borðum og dagskrá yrði að halda. Engu að síður urðu þessi orð Costa de Beauregard að stefnumörkun ráðstefnunnar, og í síðustu sameiginlegu máltíðinni, á Hótel Loftleiðum á laugar-dagskvöld tók ég eftir, hvernig það fór eins og lágur þægilegur kliður um hópinn, að „Einstein hafði rangt fyrir sér“. Hló þá hugur í brjósti eins hins minnsta meðal hinna mestu, sem lengi hefur leyft sér að ala þessa hugsun í hinu sama brjósti.

#### *Veizlan í Skiphóli.*

Í raun og veru var þessi ráðstefna öll miklu meira ævintýri en unnt er að segja frá, því vegna þess hve lengi hefur verið farið dult með þessi „dulrænu“ efni varð að fara með varkárni og



aðgát að ýmsum undirbúningi, og fyrir engan mun vil ég sýna neinum vanþakklæti, sem hjálpaði til. Ekki vil ég heldur á neinn hátt varpa steini að fréttamönnum — en dálítið gaman hafði ég af því að svo virðist sem hinir fyrstu þeirra hafi ekki uppgötvað ráðstefnuna fyrr en á föstudag. En frá því verður að segja, að eftir ágætt boð ríkisstjórnarinnar (iðnaðarráðuneytisins og Dr. Gunnars Thoroddsens, vegna þess að eðlisfræðingar áttu í hlut) á föstudag kl. hálfsex til hálfátta, var haldið suður í Skiphól í Hafnarfirði til kvöldverðar. Var þá öllum fræðilegum þunga aflétt og gerðust menn kátir mjög og sungu af lyst á íslenzku og ensku — því að íslenzku gestgjafarnir voru þarna flestir komnir og flestir þeirra vel söngnir. Björn Sv. Björnsson stýrði hófinu af beztu snilld, og Christopher Bird (höfundur Secret Life of Plants) sagði skemmtisögu af tveimur íslenskum bændum í Wisconsin sem hétu Guðmundur og Þór, — en upp úr þessu gerðust vísindamenn aðsópsmiklir og tóku til sinna ráða á hljómsveitarpalli og juku sönghljóðin í miklum ákafa. Nú var úr vöndu að ráða og segir Diana þá við mig, að allt sé undir því komið, að unnt verði að slíta ráðstefnunni skipulega þá um kvöldið. Ekki virtist auðvelt að fá því framgengt og aldrei hefur það verið mín list að láta aðra hlýða. Engu að síður stóð ég upp og kallaði „Ég er Þór (það var gælunafn ráðstefnugesta á mér), og mér verðið þið að hlýða“. Brá þá svo við að allir hlýddu, mér til mikillar undrunar. Var svo haldið að Hótel Loftleiðum, og fór þar fram lokafundur ráðstefnunnar, þar sem ályktun var borin fram og samþykkt. Ég hvatti til þess að blaðamannafundur yrði haldinn hér á landi daginn eftir, og fékk það framgang. Frá þeim fundi hefur verið sagt í sjónvarpi og blöðum, og endurtek ég það ekki hér, en þess vil ég þó geta að ég sat við hliðina á frú Gretu Woodrew á þeim fundi, og má vera að stilliáhrif frá mér hafi orðið henni nokkur styrkur — enda eru skoðanir hennar miklu meira í átt til stjarnanna og lífs á stjörnum en fram kom í hinni annars ágætu grein Ásdísar Rafnar um fundinn. Lífið á öðrum stjörnum og sambandsfyrirbæri lífsins hér á jörð, náðu á þessari ráðstefnu nokkrum tengslum, og með stilliáhrifum mætti Íslendingum vera í lófa lagið að beina áframhaldinu í réttan farveg.

*Þorsteinn Guðjónsson.*



## HVERNIG KOMST JÁRNKLUKKAN TIL LANDS?

(Um járnklukku Örygs Hrappssonar).

Í Hellismanna sögu segir frá Örlygi Hrappssyni, Bjarnasonar bunu, að hann hafði verið í fóstri með Patreki byskupi hinum helga í Suðureyjum. En er Örlygur fýstist að fara til Íslands fékk Patrekur honum kirkjuvið „*ok plenarium ok gullpenning ok mold vígða*“, og vísaði honum til hvar hann skyldi bú reisa á Íslandi.

Hinn fyrstu vetur dvaldi Örlygur á Patreksfirði, en fór þaðan um vorið, að leita þess staðar er Patrekur byskup hafði honum til vísað. Segir svo frá þeirri ferð í sögunni:

*„En um vorið bjó Örlygr skip sitt ok sigldi brott með allt sitt vestan fyrir Barð, og er hann kom suðr fyrir Faxaós, þar kenndi hann fjöll þau, er honum var til vísat. Þar féll útbyrðis járnklukkan ok sökk niðr, en er þeir sigldu inn eftir firði ok tóku land, þar sem nú heitir Sandvík á Kjalarnesi, þar lá þá járnklukkan í þarabrúki.“*

Ekki er það einstakt í Íslendingasögum að þar segi frá furðulegum atburðum, og er hér frásögn af einum slíkum: Járnklukka fellur fyrir borð og sekkur, en er þó komin að landi og upp í fjöru á undan skipinu, þar sem það tekur land.

Á hvern hátt er líklegt að skýra megi þennan atburð? Gæti eitthvað í kenningum Helga Pjeturss varpað skilningsljósi á atburð sem þennan? Vill ekki einhver lesandi hugleiða þetta mál og senda *Lífgeislum* ályktanir sínar?

*Inguar Agnarsson.*



## ENTELEKHÍAN

Eins og ég hefi áður sagt á öðrum stað, þá fer það ekki framhá neinum, sem les rit dr. Helga Pjeturss, hversu nákvæmur og athugull en um leið víðsýnn hann er við athuganir sínar. Þetta hefir glögglega komið fram varðandi rannsóknir hans á sviði jarðfræðinnar. Sumt af því, er hann þar rannsakaði, hafði oft verið athugað áður af mjög færum vísindamönnum, en niðurstöður þeirra voru oft allt aðrar en hans niðurstöður. Má hér nefna sem dæmi, að hann varð fyrstur manna hér á landi til að sýna fram á og sanna, að jökulskeiðið svonefnda hafði ekki verið samfellt tímabil, eins og fjöldi vísindamanna, bæði innlendra og erlendra, höfðu álitid, heldur hafði skipzt á hlýviðrisskeið og kuldaskið á víxl og taldi dr. Helgi þau tímaskið hafa verið ekki færri en 5 og e. t. v. fleiri.

Ótal mörg dæmi fleiri, stór og smá, mætti nefna, sem sýna að dr. Helgi var framúrskarandi glöggskyggn athugandi. Rannsóknir hans á sviði svefns og drauma hafa ekki hlotið sömu viðurkenningu og á sviði jarðfræðinnar, en því er alveg óhætt að spá, að það mun einnig koma að því, enda má sjá fjölda dæmi þess í erlendum vísindaritum, að hann hafði ályktað réttar en ýmsir fyrirrennarar hans og samtímamenn.

En því er ég að rifja þetta upp hér, að ég vildi minna menn á það enn einu sinni, hversu þetta — þessi óvenju mikla glöggskyggni og ákveðni í að segja það sem réttast sýnist — er eins og aðalsmerki dr. Helga Pjeturss sem vísindamanns. Það er alveg nauðsynlegt að hafa þetta í huga, vegna þess sem nú fer á eftir.

— — —  
Þau ár, sem liðin eru frá því ég gerðist nýalssinni, hefir verið að smáskýrast fyrir mér, hvernig vissar hugmyndir, sem snerta nýalsfræðin, hafa orðið að einskonar framvörðum þeirra fræða, eru, ef svo má að orði komast, sérstaklega nýalskar. Má hér t. d. nefna rangþýðingar drauma, að sjá andlit draumgjafans í spegli, að sjá aðra himinfestingu í draumi en þá sem sést héðan af jörðu, að sjá með augum annars manns, lífsstarfsíleiðslan, flutningur „entelekhíunnar“ á milli stjarna og myndun nýs efnislegs líkama á annari stjörnu o. fl. o. fl. Þetta eru allt hugmyndir, sem skera sig mjög úr hinum gömlu um sama eða hliðstætt efni. Á sama hátt hefir verið að smáskýrast, hverjar af hinum gömlu hugmyndum um eðli heimsins og lífsins yfirleitt, væru ónothæfar,



hverjar *vafasamar* og hverjar *nothæfar* eða a. m. k. hlutlausar. Af þeim ónothæfu má t. d. nefna kenningu guðspekinga um endurholdgun í þeim skilningi, sem þeir leggja í það, og svo kenningar dr. Sigmundar Freuds um klofningsvitund og undirvitundareðli drauma (hin algöra andstæða við kenningar dr. Helga um eðli vitundar og drauma), þá má nefna kenningar dr. Alberts Einsteins um að ljóshraðinn sé mesti hraði alls sem er. Af vafasömum hugmyndum má nefna t. d. þróun mannsins, sumir álíta að þróunarferill mannsins hér á jörð hafi breytzt vegna beinna afskipta utanaðkomandi íbúa annarra sólhverfa. Vafasamt er talið af ýmsum, að líf finnist á Marz, eða á öðrum reikistjörnum okkar sólhverfis. Þá má nefna hugmyndina um að sami maður geti verið á tveim stöðum í senn (jafn-líkamlegur í báðum tilfellum). Af nothæfum gömlum hugmyndum má nefna t. d. tilveru og myndun svipa og líkamninga og t. d. þá hugmynd að maðurinn *geti á stundum verið utan við sinn eiginn líkama og horft á hann þaðan*. En það er einmitt þessi síðasta hugmynd, sem er tilefni þessarar greinar.

Mér hefir virzt svo, að ýmsir gamlir og góðir nýalssinnar vilji flokka þessa síðustu hugmynd (undirstrikað) undir fyrsta flokkinn sem ég nefndi ónothæfar hugmyndir. Þeir hafa ekki getað fallizt á að maður gæti farið úr líkama sínum og horft á hann utan frá, heldur væri ávallt um sambandsskynjun að ræða og oft þannig, að líkaminn, sem á væri horft væri alls ekki líkaminn sem átti að vera, heldur einhvers annars manns, þ. e. rangtúlkun skynjunar. Einmitt þessa skoðun hafði ég fyrst í stað og lengi, sérstaklega eftir að ég hafði gert mér betur grein fyrir því en áður, hve rangtúlkun í draumi er afskaplega algeng. En eftir því sem ég hefi betur athugað þessa hugmynd í fjölda rita, sem sérstaklega hafa fjallað um þetta fyrirbæri og eins eftir að hafa athugað mjög nákvæmlega, hvernig dr. Helgi lítur á þessa hugmynd í ritum sínum, hefi ég betur séð, að hann tekur hvergi alveg af skarið um hvernig þetta gerist, en hann álítur samt að þetta gerist. Annað verður ekki ráðið af orðum hans á nokkrum stöðum í ritum hans. Þess vegna finnst mér ekki ráðlegt fyrir nýalsinna að vera að fullyrða, að þetta geti ekki gerzt. Ekki svo að skilja, að ég álíti Helga Pjeturss óskeikulan mann, það er enginn, en þegar jafn-nákvæmur og í alla staði frábær vísindamaður og athugandi á hin ýmsu fyrirbæri lífsins og hann er, telur að umrætt fyrirbæri geti átt sér stað, finnst mér þurfa eigi svo lítið



sjálfstraust til að fullyrða, að þetta geti einmitt ekki gerzt — og talsvert af góðum rökum, og þá ekki síður eigin reynslu. Áður en ég fer út í nánari röksemdafærslur um skoðanir dr. Helga á þessu máli, vil ég leyfa mér að nefna hér örfá dæmi, svo að alveg sé ljóst um hvað ég er aðtala.

Fjöldi bóka er til, þar sem skýrt er frá reynslu manna, sem telja sig hafa skynjað sjálfan sig og umhverfi sitt, en þó verið utan við sinn eiginn líkama. Í nýlegri bók eftir bandaríska læknum dr. Raymond Moody er skýrt frá reynslu fólks, sem ýmist var mjög nærri því að deyja eða jafnvel af læknum talið látið, en sem síðan var vakið aftur til lífsins og sagði þá frá reynslu sinni.

1. dæmi: Stúlka var að drukkun komin og segir svo: „Ég sökk og mér skaut upp aftur á víxl, og skyndilega fannst mér eins og ég væri komin burt frá líkama mínum, frá hinu fólkinu og væri í lausu lofti. Þó að ég væri í kyrrstöðu, sá ég að líkama mínum í vatninu svona 3 til 4 fet frá mér, skaut upp aftur og aftur. Ég sá mig aftan frá og aðeins til hægri. Mér fannst enn eins og ég væri í líkama. Jafnvel nú, eftir að ég var svona utan við líkama minn. Ég hafði einhverja óútskýranlega léttleikatilfinningu, mér fannst ég létt eins og fjöður . . .“

2. dæmi: Hjartasjúklingur liggur á sjúkrahúsi, í rúminu, og er mjög illa haldinn. Hann hringir bjöllunni við rúmið. Um leið og hjúkrunarkonan kemur og gerir ráðstafanir finnst sjúklingnum sem hér segir:

„Mér fannst ég líða út úr líkamanum og út og niður á milli rúmdýnunnar og hliðarrimlanna á rúminu. Mér fannst ég fara í gegnum rimlana — og síðan niður á gólfíð. Síðan byrjaði ég að lyftast upp hægt og rólega. Á leiðinni upp sá ég hjúkrunarkonur koma hlaupandi inn í herbergið — einar sex þeirra. Svo vildi til að lækurinn minn var á stofugangi og það var kallað á hann og ég sá hann koma inn. Ég hugsaði með mér — hvað er hann að gera hingað? Ég lyftist áfram upp og framhá ljósaútbúnaðinum í loftinu — ég sá hann frá hlið og mjög skýrt — og síðan stöðvaðist ég, svífandi alveg uppundir lofti og horfði niður. Mér fannst ég vera eins létt og pappírsörk, sem hefði verið blásið þarna uppundir loft. — Ég heyrði eina hjúkrunarkonuna segja: „Guð minn góður, hún er farin“, og önnur laut niður að mér og reyndi munn við munn aðferðina til endurlífgunar. Ég horfði aftan á hana og man skýrt, hvernig hár hennar leit út að aftan . . .“

3. dæmi: „Þegar ég fór úr líkamanum var eins og ég færi í



eitthvað annað. Mér fannst ég alls ekki vera ekki neitt. Það var annar líkami — en ekki annar venjulegur jarðneskur líkami. Hann var dálítið öðruvísi. Hann var ekki nákvæmlega eins og jarðneskur líkami, en hann var heldur ekki neinn stór hjúpur af efni gjör. Hann var formlaga en litlaus. Og ég veit, að ég hafði ennþá e-ð, sem kalla mætti hendur. Ég get ekki lýst þessu — ég var svo yfirkominn af undrun, af því að sjá allt í kringum mig — sjá minn eigin líkama liggja þarna — og allt það — að ég hugsaði ekki mikið um í hvers konar líkama ég væri nú.“

4. dæmi: „Ég man að mér var ekið á sjúkrabörum inn í skurðstofuna og næstu klst. hékk líf mitt á þræði. Á þessu tímabili fannst mér ég fara úr og í líkamann á víxl og horfa á hann beint ofan frá. En þegar ég var ofan við líkamann, var ég samt í líkama — ekki venjulegum efnislíkama, heldur einhverju, sem ég get bezt lýst með orðinu — orkuform. Ef ég ætti að reyna að lýsa því betur, myndi ég segja að hann hafi verið gegnsær, einskonaðr sálrænt líkamsform, ólíkt efnisformi jarðlíkamans. Þó var um að ræða aðgreinda líkamshluta.“

5. dæmi: „Ég horfði á líkama minn úr svona tæplega 10 metra fjarlægð, en ég hugsaði ennþá eins og ég gerði í jarðlíkama mínum. Og mér fannst staðurinn þar sem ég hugsaði vera á tilsvarendi stað og í jarðlíkamanum (þ. e. í höfðinu). Þó fannst mér ég ekki vera í líkama. En ég fann fyrir einhverju — einhverju formi. Mér fannst ég ekki geta séð það skýrt — eins og það væri gegnsætt — og þó ekki alveg gegnsætt. Það var bara eins og ég væri þarna — einhvers konar orka kannski, eins og dálítið orkuform. Ég fann þó ekki fyrir líkamsskynjunum, eins og líkamshitanum og því um líku“.

Víkur nú sögunni að Nýal. — Í greininni „Hvað við tekur“, segir svo á bls. 120. — „Í sögu J. S. M. Wards af andláti og síðari ævi móður sinnar, má vel kenna stórfróðlega viðleitni handanað á því, að koma fram hinum svo mjög áriðandi skilningi á þessu undirstöðuatriði að líkami framlífsins er líkamlegur. Ward segir (í bókinni *A subaltern in Spiritland*) tvisvar frá dauða móður sinnar og er hinn framliðni bróðir hans R. W. sögumaðurinn. R. W. sjer „astral“-líkamann (er svo er nefndur í bókinni) svífa yfir líkinu. Síðan verður frásögnin mjög óskýr. — Á bls. 121 . . . „En hann er auðsjánlega ekki ánægður með skilninginn á því, sem hann hafði sagt bróður sínum af láti móður þeirra og hvað síðan tók við, svo að hann reynir aftur. Hann segir nú frá því



hvernig dauft ljós kom fram í kringum höfuð hinnar deyjandi konu, og smátt og smátt losar allur ljóslíkaminn (astral-líkaminn, er höf. nefnir svo) sig, uns hann liggur í loftinu, svo sem fet uppi yfir því sem nú var að verða lík, og varð það til fulls, þegar ljóstaugin, sem verið hafði á milli, slitnaði. (Hér vil ég skjóta inní athugasemd um, hvort samband geti verið á milli þessarar og álíka frásagna og lýsinga og orðatiltækisins — „og líf hans hékk á þræði“, innsk. mitt K. N.). Og áfram segir í Framnýal.

„Flutningurinn frá jörðunni til annarar stjörnu kemur ekki fram í frásögninni. En þó ætti að vera ljóst, að það gat ekki verið ljóslíkaminn sem lagður var á börur og 4 menn bera í burt, heldur nýr holdlegur líkami, sem hið lýsandi aflsvæði, er hann nefnir astrallíkama (ljóslíkama) hafði skapað sér á annari jörð . . .“ Og á bls. 128 segir í sömu grein: „Lífaflsvæðið („entelekhían“), sem endurskapar líkamann, fer hnattanna á milli með, að heita má óendanlega miklu meiri hraða en ljósið“.

Og í ritgerðinni Sigurnánd í Ennýal segir á bls. 36: „Stead (þ. e. W. T. Stead, ritstjórinn sem fórst með Titanic 1912, K. N.) segir frá því, hversu fyrst varð nokkur bið á, þangað til allir höfðu safnast saman, sem drukknad höfðu með honum, en svo var lagt af stað „til annars lands“. „Það var skrítið ferðalag“ — segir hann — „það var eins og að sendast beint í loft upp með ógurlegum hraða. Í heild sinni var hreyfingin á okkur eins og vjer værum á mjög víðum palli, sem slöngt væri í loft upp, með jötunafli og hraða“. Þetta er ekki ófróðleg upplýsing, því að af henni virðist mega ráða, að Stead hafi orðið var við möndulsnúning jarðarinnar um leið og hann var að yfirgefa hana“.

Og enn segir í þessari grein: „Jeg ætla að giska á, að ferðin *eftir að* samstillingunni hafði verið náð við aflsvæðið (das vitale Kraftfeld) þar sem koma átti fram, og skapa sjer nýjan líkama, á þann hátt sem sagt er í „Stjörnulíffræði“ hafi ekki tekið nema örlítið brot úr sekúndu en að fjarlægðin frá jörðu hafi verið biljónir mílna nokkuð margar“.

Af því sem hér hefir verið rakið á undan, má draga saman eftirfarandi: — Það sem spíritistar kalla svíp eða andalíkama, guðspekingar astrallíkama, og sumir kalla aurulíkama, etherlíkama, orkulíkama eða þá ljóslíkama eða hið lýsandi aflsvæði, er allt saman einn og sami hluturinn nefnilega það sem dr. Helgi kallar „lífaflsvæði líkamans“, öðru nafni — „entelekhían“.

Við andlát mannsins hér á jörðu hverfur þetta lífaflsvæði jarð



líkamans til þess hnattar, sem ævigeislan mannsins hefir ákvarðað honum og tekur þar á sig líkamsmynd úr efnum þess hnattar samkvæmt eðli þess lífaflsvæðis er þar ríkir fyrir tilstilli þeirra er þar búa. En þegar svo stendur á, að maður er að dauða kominn eða er í ástandi sem minnir á dauða-ástand, er eins og komi eitt-hvert los á aflsvæði, ef svo má að orði komast, og þá er eins og togist, hvort það haldist við hér á jörðu eða hverfi til annars hnattar. Þegar á þessu millibilsástandi stendur, virðist sem lífaflsvæðið geti komið fram sem svipur mannsins, ýmist hér á jörð eða annari, eftir lögmálum, sem eru okkur enn að mestu á huldu (stilliáhrif einstaklinga og heilda). En það merkilega er, að á meðan á þessu ástandi stendur virðist maðurinn hafa einhvers konar meðvitund um sig og umhverfi sitt, a. m. k. stundum (eða e. t. v. ætíð en muna það ekki, líkt og að alla dreymir þó ekki muni allir drauma sína). Og það er þetta sem menn eru að upplifa eða líkt þessu og eðlisskylt, þegar þeir segjast hafa farið úr líkama sínum og skynjað, séð, hann utan frá.

Eins og ég benti á áðan segir dr. H. P. frá því, án athugasemda, að Stead hafi sagt að . . . „*fyrst varð nokkur bið á, þangað til allir höfðu safnast saman, sem drukknað höfðu með honum*“, og sjálfur segist dr. Helgi ætla að gizka á að ferðin, *eftir að samstillingin* við aflsvæðið, þar sem koma átti fram, hafði náðst —, hér má spyrja: *Hvar* voru hinir framliðnu meðan stóð á þessari *bið*, meðan hinir látnu *söfnuðust* saman? *Hvar* voru hinir framliðnu *eftir að* þeir drukknuðu en *áður* en þeir komu fram á nýja hnettinum (sbr. orðin — *eftir að samstillingin hafði náðst*)? Og *hver* var það sem skynjaði möndulsnúning jarðarinnar? Ekki dáni jarðlíkaminn og ekki framlíflíkaminn á annari stjörnu, en hvaða líkami þá?

Dr. Helgi segir að lífaflsvæðið, entelekhían, *sé það*, sem fari á milli hnattanna. Hann segir, að hið lýsandi lífaflsvæði sé það, sem skapi holdlegan líkama á annari stjörnu. Mér virðist af því mega draga þá ályktun, að innifólgið í lífaflsvæðinu er munstrið að nýja líkamanum, sérhvert líffæri holdlega líkamans á sér fyrirrennara í aflsvæðinu og svo virðist óhjákvæmilegt að álíta, að með forvísunum skynfæranna megi við sérstakar aðstæður skynja, rétt eins og með hinum venjulegu skynfærum, nema ef það er eitthvað öðruvísi, þá er það oft á enn fullkomnari hátt.

Ég tel að, ef skýra á fyrir öðrum tilveru nýs holdlegs líkama á annari stjörnu, verði að koma til betri skilningur á þessu ástandi,



sem ég get hugsað mér að kalla millilífsástand, — það er undan-  
fari framlífsins, en framlífið er svo það sem óhjákvæmilega við  
tekur. Mér virðist spíritistar og annað ágætt fólk vera eins og  
fast í þessu millibils eða millilífsástandi. Ástæðan er augljós. Það  
er vegna þess að svo ótalmargar frásagnir eru til af þessu ástandi,  
svipir, reimleikar, fylgjur og ef til vill eru lýsingar manna, sem  
virðast hafa séð til fyrirheitna landsins, tengdari þeirra eigin entel-  
ekhíu frekar en sambandsskynjun eingöngu, ég á við að nokkur  
svipur hér lifandi manna geti við vissar aðstæður myndast á til-  
vonandi framlífshnetti viðkomandi, frekar en að um sýngjafa sé  
að ræða. Alla vega er ég sannfærður um, að það sem veldur því  
að vísindamenn almennt geta ekki fellt sig við kenningar spíritista,  
er að það vantar að tengja hinar margvíslegustu tegundir frásagna  
og upplifana úr millilífsástandi við hið raunverulega ástand efnis-  
heimsins.

Eins og ég sagði í upphafi þessarar greinar, þá tel ég að dr.  
Helgi Pjeturss hafi viðurkennt millilífsástand, eða hvað á að  
kalla það ástand, þegar menn eru að dauða komnir en þó ekki  
alveg fluttir yfir, og þess vegna tel ég rétt að nýalssinnar reyni  
eftir beztu getu að skilja þetta stig lífsins, en vera ekki að fullyrða  
að það sé ekki til.

*Kjartan Norðdahl.*



## HUGLEIÐINGAR UM SVEFN OG DRAUMA

Ekki þarf að eyða orðum að því hve svefninn er þýðingarmikill þáttur í lífi manna. Almennt er talið að við dveljum þriðja hluta af ævi okkar í rúminu.

Hér er ekki aðeins um það að ræða að svefninn taki allt að þriðjung af ævi okkar, heldur ber einnig á það að líta að hann er okkur slík lífsnauðsyn að svefnlaus getum við ekki lifað nema nokkra tugi klukkustunda. Þetta er þrautsannað. Ef við spyrjum hvað það sé sem við fáum í svefni, sem okkur sé slík lífsnauðsyn, þá fer að verða tregara um afdráttarlaus svör. Flest svörin myndu þó telja að það sé hvíld, sem mannum sé nauðsynleg. Þetta segir þó ekki nema brot af því sem segja þarf, af þeirri augljósu ástæðu að menn geta hvílst án svefns, með því að halda kyrru fyrir. Þetta svar nægir ekki vegna þess að augljóst er að hér gerist meira en það að maðurinn hvílist. Er þá nærtækast að ætla að um hleðslu eða magnan sé að ræða, sem aðeins gæti farið fram í svefni. Þessi skoðun kallar á fleiri spurningar. Hvað er það sem gerist í svefninum? Hvað er það sem hleðst í manninn? Hvernig fer sú hleðsla fram? Og hvaðan kemur þessi hleðsla? Það er með miklum ólíkindum að ekki skuli vera lagt ofurkapp á að rannsaka þessa hluti, á þessari öld vísinda og rannsókna, hluti sem grípa svo alfarið inn í líf manna. Þetta ber þó ekki að skilja svo að ekkert sé um þessa hluti rætt eða ritað, þar er um mikla framleiðslu að ræða að magni til, en árangur eða eftirtekja er næsta lítil, enn sem komið er. Talið er að helst séu það austantjaldsmenn sem séu að taka upp skipulagsbundnar rannsóknir á þessu sviði.

Það er tilgangur þessarar greinar, meðal annars, að minna á það að fyrir um það bil 60 árum lagði íslenskur vísindamaður fram tilgátu, studda sterkum rökum, og æ sterkari eftir því sem á ævina leið, fyrir eðli þessa máls, sem einum þætti í yfirgripsmiklu kerfi til skilnings á ýmsu er lítur að dýpri rökum tilverunnar. Það var dr. Helgi Þjeturss. Það litla sem fram hefur komið hjá vísindamönnum síðustu árin rennir stöðum undir skoðanir H. P. Má þar til nefna rannsóknir á fjarhrifum, sem nú eru að öðlast viðurkenningu æ fleiri rannsóknarmanna. Ennfremur má nefna að fyrir hálfri öld þótti það fjarstæða að hugsa sér vitsmunalíf á fleiri hnöttum en okkar jörð. Ég held að ekkert sé ofsagt að telja þá afstöðu gjörbreytta almennt séð. Því má bæta



hér við að síðustu ára rannsóknir á draumlífi benda til þess að sé ekki aðeins svefninn sjálfur sem sé mönnum lífsnauðsyn, heldur einnig sjálft draumlífið.

Almennt talað ganga menn í villu og svíma enn þann dag í dag um það hvað draumar eru í raun og veru. Svo sem kunnugt er, hafði H. P. ákveðnar skýringar á eðli drauma. Sú skýring hygg ég að sé sú eina sem leiðir út úr þeirri blindgötu, sem málið er í og þeim ógöngum. Önnur leið var það sem ég reyndi. Mér kom í hug hvort þessi orð og orðatiltæki mundu ekki vera komin í huga minn úr öðrum hugum, líkt og loftskeyti berast. Þegar ég fór að prófa þetta, þá fann ég að þarna var ég kominn á leiðina fram.“

Hér að framan er getið þriggja atriða, sem einkum vöktu athygli H. P. í sambandi við drauma, má raunar bæta hinu fjórða við, sem varð honum til leiðbeiningar — aðsendar setningar, sem komu fram í huga hans.

Það er ætlun mín að skoða hvert þessara atriða og bera saman við mína reynslu. Um fyrsta atriðið, hvort ég sjái drauminn eins og mynd, eða hvort ég lifi hann sem þátttakandi, er því til að svara, að ég lifi drauminn sem þátttakandi alveg undantekningarlaust. Ég er ekki að lifa upp atburði í huganum, um það sem hafði gerst eða gæti gerst, heldur er ég að lifa atburðinn sjálfan.

Um annað atriðið, hvort það sé ég sjálfur eða einhver annar, sem sé „ég“ í draumnum, er það að segja, að tilfinning mín er að sjálfsögðu sú, að þetta sé ég sjálfur, en í hvert skipti sem mig dreymir að ég sjái sjálfan mig í spegli, er það ávallt ókunnur maður. Það er ekki oft sem mig dreymir að ég sjái sjálfan mig, þó dreymdi mig það tvisvar í vetur með mánaðar millibili, var það sinn maðurinn í hvort skipti, og hvorugur ég sjálfur. Fyrir kemur að karlmann dreymir að hann sé kona, eða konu að hún sé karlmaður. Ég get ekki með vissu munað hvort það hefur komið fyrir mig, og get því ekki vitað til þess.

Um þriðja atriðið, hvort umhverfi og athöfn geti ekki verið á þessum hnetti, er að sjálfsögðu oft erfitt að dæma. Stundum er þetta þó auðvelt, t. d. ef mann dreymir athöfn, sem engin dæmi eru til að gerist hér á jörð. Mig hefur t. d. oft dreymt að ég ferðist þannig á milli staða, að ég svífi í loftinu. Þegar mig dreymir slíkt, fer það oftast fram með sama hætti. Ég byrja á því að setja mig í vissar stellingar. Ég stend beinn, rétti hendur fram og einbeiti huganum að því að fá orku til að fljúga. Nú ætla ég að svífa, og nú svíf ég. Það verður þó að fylgja með þessari frásögn, að oft



finn ég kraftinn dvína, eftir nokkra stund, sem táknað það að nú get ég ekki svifið lengra í bili. Ég vil bæta því við, að það eru fáir dagar síðan, þegar þetta er skrifað, að mig dreymdi að ég fór svifferð ásamt öðrum manni. Þetta var athyglisverð ferð, kraftur nægur og einhver léttleiki yfir svifinu. Að dreyma svif, skoða ég sem líkur fyrir því að draumgjafinn sé á öðrum hnetti, því ámóta svif þekkist ekki hér. Mundi það vera þar sem menn eru lengra á veg komnir með að hagnýta sér það afl og krafta, sem lífið hefur upp á að bjóða.

Hér að framan er sagt frá þeirri reynslu H. P. að hann fær stuttar setningar í hugann, sem hann sjálfur hefur ekki átt frumkvæði að. Ég verð að viðurkenna það, að fram til tvítugs aldurs varð ég næstum daglega fyrir sömu reynslu. Það komu iðulega framandi setningar í hugann, eins og þeim væri slengt óvænt inn og áttu ekkert skylt við hugrenningar mínar þá stundina eða umhverfi. Það snart mig þegar ég las þessar setningar H. P. Ég hafði engum sagt frá þessari reynslu minni og kunni þar engin skil á, en ég gladdist við að vita að annar maður hafði orðið fyrir sömu reynslu.

Athugun á draumum er mikið nákvæmnisverk. Sé skýring H. P. höfð í huga ber að geta þess að draumasambandið getur verið mjög misjafnlega fullkomið. Laust og hvarflandi samband gefur hvarflandi og villandi drauma, þar sem dreymandanum finnst hann vera tvær persónur á víxl. Stundum að hann sé draumgjafinn, stundum hann sjálfur. Menn muna drauma sína mismunandi vel og frásagnir af draumum eru oft dæmigerðar um ónákvæmni og missagnir, ef menn eru spurðir ítarlega um hvað gerðist í draumnum.

Skilningur H. P. á svefni og draumum urðu, eins og fyrr segir, undirstaðan að ákveðinni skoðun á lífinu og lífsambandinu milli hnatta, lífskoðun sem hann lagði í kerfi og stundum hefir verið nefnd íslenska heimspekin.

Í bók sinni Nýall s. 57 segir H. P. eftirfarandi setningar, sem skulu vera lokaorð þessa greinarkorns:

„Sá, sem skilið hefir eðli drauma, veit jafn áreiðanlega að lífsamband milli hnatta á sér stað, eins og hann hefir séð sól og stjörnur. Og þegar athygli manna hefir beinst í þessa átt, verður ljóst, hvernig hver maður geislar sjálfum sér út og leitast við að „hlaða“ allan heiminn með sjálfum sér.



Ennfremur verður það ljóst, hvernig maðurinn einmitt með þessari geislun vinnur að framhaldi lífs síns og endursköpun líkamans.“

*Í mars 1975. Gunnar Grímsson.  
(Birtist í Lesbók Morgunblaðsins  
22. júní, 1975).*

## LUNDÚNAFERÐ

Oft heyrast raddir um, að Ísland sé ákjósanlegt land til ráðstefnuhalds fyrir útlendinga sem geti dregið okkur drjúgan gjald eyri í bú. Þetta er gott og blessað, en þó vil ég undanskilja pólitískar ráðstefnur, sem kynnu að draga hingað til lands glæpamenn til hryðjuverka. Íslendingar sækja ráðstefnur víða í önnur lönd. Nýlega var Þorsteini Guðjónssyni, hinum velþekkta Nýalssinna, boðið að flytja erindi á ráðstefnu fyrirburðafræðinga í London á vegum velþekkts félagsskapar um þessi fræði. Ráðstefnur þessar sækja frægir vísindamenn frá mörgum löndum heims. Tilfni þess, að Þorsteini var boðið til ráðstefnunnar var bók hans, er hann ritaði á ensku og út kom á síðasta ári. Þorsteinn tók að sjálfsögðu boðinu og notaði tækifærið að kynna dr. Helga Pjeturss og heimsfræði hans. Þetta, ásamt áður nefndri bók Þorsteins, er mikilvægasta kynning utan landsteina á þessum stórmerka Íslendingi og heimspeki hans, sem sækir nú á til viðurkenningar í heiminum. Hliðstæður félagsskapur í Bandaríkjunum átti fulltrúa á ráðstefnunni í London. Sá félagsskapur hafði ákveðið ráðstefnu vísindamanna á Hótel Loftleiðum í Reykjavík í nóvember næstkomandi. Og nú hefur Þorsteini verið falið að undirbúa þá ráðstefnu vegna þátttöku Íslendinga í henni. För Þorsteins Guðjónssonar til London er merkilegur viðburður og íslenzku þjóðinni til vegsauka.

*Pórarinn Helgason.*

*(flutt í útvarpinu í erindi um  
daginn og veginn, þ. 26. sept. 1977).*



*Men eru í tilöndum að færast nokkuð í burtið, en þó gengur það of seint. Þyskur verkfræðingur hefir séð að útgæslun frá manninum hefir áhrif á segulnáma; enskur læknir fundið útbúnað, sem hann getur fengið til að breyfast með því að LITÁ á hann, og sænskur basbólakennari er farni að tala um taugagæslun. Ná vantar ekki annað en að mönnum aukist dálitlið við syni, þá fer sigurinn að vinnast og það verða mikil umskifti. — Dr. Helgi Þjeturss. Úr bréfi 3. nóv. 1921.*

Elki er mér kunnugt um að fram hafi komið í bókmenntum nokkurrar þjóðar sú trú að gott ártæði hafi verið samfara friði manna á milli í tíð viturra og góðgjarra stjórndá, eins glögglega og í bókum hina fornu, íslensku sagnameistarara. Veit ég vel að mörgum mun þykja þetta nokkuð fráleit kenning, sem ekki hafi víð rök að styðjast. En í ljósi hinnar íslensku heimstræði verður hún ekki aðeins semlileg, heldur sé þarna um að ræða náttúruögmál, sem hingað til hefir ekki verið þekkt. Með rannsóknum sínum sýndi dr. Helgi Þjeturss, meðal annars fram á, að „allir kraftar eru skyldir, eins upptök þeirra allra“, og eins að „lífið er tilraun til að ræða við og samstilla krafta hinnar líflausu náttúru“. Meðal annars hafði hann unnið úr og samræmt rannsóknir og niðurstöður erlendra vísindamanna um þessi efni. Kom það ymislegt í ljós, svo sem að lífsorkan íleiddist og hagaði sér að ýmsu leyti eins og rafmagn.

Þyskur verkfræðingur Hoffmann að nafni, hefir á þessari öld tekist að breyta efni með hugsun síni. Þetta eru mjög athyglisverðar athuganir. Þessi dæmi sýna að sambönd eigi sér ekki einungis stað milli lífmagnsstöðvanna, heldur og milli hinnar líflausu og líflausu orku. Með þetta í huga, fer að verða ljóst að þegar mikill samhengur er ráðandi milli manna um eitthvað, þá sé engin fjarstæða að álykta að þessi líflandi orka hafi áhrif á líflausa efnið, það er hinar örsmáu agnir, atómin, sem allt er samansett af, með öðrum orðum hafi áhrif á náttúruöflin. Við samhenginn skapast aflmeiri lífsstöðvum alheimisins. Er hér án efa um mjög merkilegar undirstöðu athuganir að ræða, sem eru nú á líku stigi og þegar



Galvani og Volta voru að vinna að byrjunarrannsóknum á eðli rafmagnsins, sem orðið hefir mjög afdrifaríkt. Hér er í uppsigli-  
ingu stór vísindagrein, það er að segja, ef öll bjargandi starfsemi  
fer ekki í hundana og í staðinn komi þröngsýn og avegaleidd dul-  
fræði, sem hætta er á, ef menn komast ekki á leið þekkingarinnar  
og sannleikans.

Dr. Helgi Pjeturss færði fram þessu máli til sönnunar, söguna.  
Þegar niðurfall varð viðleitni til meiri þekkingar og menningar-  
auka, var vegna þess að myrtir voru og á margvíslegan hátt ekki  
sinnt leiðsögn þeirra, sem vísuðu til vegar, þá hafa á eftir dunið  
yfir hörmungar, ekki aðeins með styrjöldum og drepsóttum, heldur  
einnig hamförum náttúruaflanna og hallæri. Aldrei síðan sögur  
hófust hafa íslensku eldfjöllin meir látið á sér bæra, en eftir  
niðurfall íslenskrar menningar, sem orsakaðist af vanmati þjóðar-  
innar á sínum bestu mönnum og þjóðarsundrunu.

Þetta sögulögmál kemur fram í kristnum ritum. Hvert barn  
veit um þann atburð, þegar „jörðin skalf og björgin klofnuðu“,  
eftir eitt það mesta óhæfuverk, sem unnið hefir verið í sögu  
mannkynsins. Það var í samræmi við það hugarfar, sem ríkti þá  
í því landi, þar sem það var unnið. — Í framtíðinni, ef vísýni  
og sannleiksást ná að fullu að ráða ríkjum, munu hamfarir veður-  
fars og annarra náttúruafla verða rakið til áhrifa frá ásigkomulagi  
lífsorkunnar á hnetti vorum á hverjum tíma og þá sérstaklega  
að vinna að því að fyrirbyggja öll óhöpp og slysfarir.

Er margt og mikið um þetta mál að segja og læt ég hér staðar  
numið. Kemur mér í hug nú í lokin ábending í þessu sambandi,  
til uppvaxandi æskulýðs, að hafa yfir norskt kvæði, *Unge Genbyrds  
Liv i Norden*, í þýðingu Páls Jónssonar frá Hjarðarholti, er svo  
hljóðar:

Norðurranna rekkar ungu,  
raust frá vorra feðra gröf.  
Viljið þið ei velta þungu,  
voðans bjargi í tímans höf?  
Eða viljið yfirsteypa  
ógnarmyrkri, voðanótt,  
láta hel og hatur gleypa  
hugsjón, menning, vilja, þrótt.



Norðurlanda hetjur hraustu  
hróp hins liðna framsýn glögg.  
Búnir andans brynju traustu.  
Brýnið raustu, sýnið rögg  
styðjið veika, huggið hrjáða,  
hópið fylkið! mann við mann.  
Knýið alla upp til dáða  
Ættjörð styðja og sannleikann.

*Bjarni Bjarnason, Brekkubæ.*

**M Y R** —

Úr ljóðum Einars Benediktssonar.

Ó, kærleikshvöt í hafi og fold,  
sem hismið reisir lífs í veldi.

---

Og feðratungan tignarfríð, —  
hver taug mín vill því máli unna

---

Rís þú, Íslands stóri, sterki  
stofn með nýjan frægðardag.

---

Ég sjálfur þyrstur sit við lífsins brunn.

---

Hljómspegill anda míns, hvelfing blá,  
í hæð þína snýr sér mín leyndasta þrá.

---

Himinn, gefðu mér bergmálsins svar.



### ÚR BRÉFI TIL KRISTJÁNS

Stöðuvatn í afdal inn við heiði  
er minn hugarsjór, sem lítið ber á,  
þagnarströndum luktur, svæfður logni.  
Líður ört að vetri frosts og hríða,  
klakaskurni köldu vötn hann þekur.  
Kyrrdardauði er vís þeim innibygða.

Birtu þráir sá, er býr í sorta,  
svart ef eðli ber ei sér í hjarta.  
Virðist glöðum framtíð fríð og dýrðleg,  
fagur þeim, er saknar, liðinn dagur.  
Kvíðinn er oft sárari en sviðinn.  
Sæla er mest í því, að vonin tælir.

Sannleikurinn sjúkdómsrót alls grennir.  
Sárar þykja reyndar fyrstu báru,  
þær sem fyrir frjálsum anda bærast,  
fjötrum blindni gegn og vanatötrum.  
Réttlætið ei reiðist því, sem satt er.  
Raunþekkingin finnst oft líkust hrauni,  
vegna hinna svörtu sjúkdómsmagna.  
Síðar gerir veruleikann fríðan  
kærleikur, sem fer í skilningsfarveg.

Fatast dómgreind þeim, sem aðra hatar,  
afsakana engra til hann grefur.  
Einhæf vitund skilur fátt og beinir,  
athyglinu eftir þröngri götu,  
afli sínu að fábreytninnar tafli.

Stærstur hugur himninum er næstur.  
Heimurinn er takmarkalaus geimur.  
Of hátt mun því engin sál fá svifið.  
Sanni næst fer hver, sem víðast spannar.

*Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.*



# Draumar

## Dreymt á síðastliðnum vetri.

Ég þóttist vera stödd á einhverri stjörnu óralangt úti í himingeimnum, líklega í öðru sólkerfi. Ég var ein á ferð gangandi eftir afar breiðum, sléttum vegi, sem líktist helst því að vera úr steinsteypu, en var miklu mýkri undir fæti en steyptir vegir eru og fallega blágrár á lit. Á hægri hönd sá ég fjöll í nokkurri fjarlægð. Voru þau að sjá öll skógi vaxin en miklu var sá skógur litskrúðugri en til er hér á jörðu, að ég hyg.

Sum trén voru fagurgræn, sum með gulu laufi og önnur rauðgullnu, og sum með afar fögrum blágrænum lit. Undraðist ég þetta mjög. Á vinstri hönd var grasslétta, öll blómum skrýdd og ýmiskonar runnagróðri og í fjarlægð blikaði á gríðarstórt og fagurblátt stöðuvatn.

Allt í einu sá ég stórt hús á hægri hönd, stóð það inni í afar stórum garði þar sem allsstaðar voru tré, afar stór og fögur, og ógrynni af blómum og voru bæði trén og blómin svo stórvaxin að ég býst ekki við að nokkurs staðar sjáist slík hér á jörð. Húsið virtist mér standa inni í miðjum garðinum og var það byggt á súlum, hringmyndað og mjókkaði alltaf upp.

Svalir voru allt í kringum hverja hæð. Efst uppi virtist það vera eins og mjór sívalur turn með gluggum allt í kring. Út um alla þessa glugga á turninum lagði blágullna móðu, sem hvarf út í loftið. Ég horfði á þetta með mikilli undrun og lotningu og er að hugsa um hvaða bygging þetta geti verið. Þá stendur allt í einu við hlið mér björt og geislandi vera og segir:

„Þetta er stjörnusambandsstöð. Á þessari stjörnu búa eingöngu háþroskaðar verur, sem vinna að því að hjálpa íbúum annarra hnatta, sem skemmra eru á veg komnir, þar á meðal íbúum jarðarinnar. Okkur hefur tekist að ná valdi á hugarorkunni, en hún er sterkasta afl í alheimi. Með aðstoð hennar hefur okkur tekist að láta ykkur á jörðinni og víðar finna upp varnir gegn allskonar sjúkdómum og fleira er til hjálpar má verða og meiri þroska. Þessir geislar, sem þú mátt nú sjá að leggja héðan út frá



turninum, það er þessi orka. En þessi orka er líka notuð á sumum hnöttum til að gjöra illt með. En á því erum við alltaf að reyna að sigrast.“ Við þetta vaknaði ég.

*Sigurlaug Guðmundsdóttir,  
Höfn, Hornafirði.*

## Draumur um leiksvæði í illum stað

### I.

Mig dreymdi, að ég var staddur í mjög skuggalegum stað og ógnvekjandi. Þótti mér ég vera á einskonar útileiksvíði, allstóru, og vissi ég að leiksfýringar áttu brátt að hefjast. Allt í einu þótti mér ryðjast inn á svæðið mikill fjöldi manna, en myrkrið var svo mikið, að ekki gat ég greint nema útlínur þeirra. Þótti mér menn þessir fara með miklum hávaða og blönduðust saman öskur og formælingar og vein og óp. Þótti mér vera þarna á ferð hópur stórra manna og illúðlegra og ráku þeir á undan sér með höggum og spörkum allmikinn hóp manna inn á leikvanginn og þótti mér þeir vera algjörlega á valdi hinna. Ég fann til samúðar með mönnum þeim sem reknir voru inn á völlinn, og hafði löngun til að frelsa einhverja þeirra frá yfirvofandi misþyrmingum. Þóttist ég sjálfur ekki vera í mikilli hættu fyrir illmenninum stóru. Fannst mér ég einhverja sérstöðu hafa á þessum stað eða vald, sem illmennin yrðu að taka tillit til. Hljóp ég að hópnum, sem rekinn var áfram og hrópaði á nokkra menn í hópnum að fylgja mér og koma á einskonar hliðarsvæði, sem ég hefði umráð yfir. Hlýddu þeir þessu og fóru eftir minni leiðsögn. En meginhluti hópsins dreifði sér um allt svæðið, og skyldu hinir undirgefnu setja sig í ýmsar stellingar eftir því sem kúgarar þeirra mæltu fyrir. Skyldu þarna fara fram einskonar íþróttir, eða leikar, sem væru m. a. fólgnar í allskonar misþyrmingum á hinum undirokuðu. Hófust brátt leikarnir, og heyrðist sköll og hávaði illmennanna hvaðanæva að og jafnhliða stunur og kvalaóp hinna undirgefnu. Ekki sá ég vel hvernig leikar þessir fóru fram, vegna myrkursins, en ég þóttist vita hvernig þeir gengju til, og kom mér ekkert þarna á óvart, því ég þóttist vera málum kunnugur.

Leikar tveggja mannanna fóru fram rétt hjá mér, og horfði ég á. Sá undirgefni lagðist á bakið og rétti fætur upp í loftið. Sá illi



stökk upp á fætur hans, og fór að gera ýmsar jafnvægisæfingar. Fór þessu fram um stund. Og sýndu báðir krafta og leikni í þessum æfingum. En að lokum þótti mér sá illi (er ég nefni svo til aðgreiningar frá hinum) hafa fengið nóg af þessum leik. Lét hann sig þá falla niður á milli fóta hins og rak mjöðmina sem harkalegast í kynfæri hans, í þeim tilgangi að mér þótti að merja eistu hans sem illilegast. Mun honum hafa tekist áform sitt, því hinn rak upp óp mikið og virtist mér hann engjast af kvölum, en sá illi stóð upp og virtist vera ánægður með afrek sitt. Blöskraði mér þessi illmennska og fann sárt til með þeim, sem fyrir hafði orðið.

Hvaðanæva að af leikvellingum bárust kvalaóp, og þóttist ég vita, að menn yrðu að sæta hliðstæðum misþyrmingum eða öðrum eins og ég hafði verið vitni að.

Mér leið illa, að vera vitni að öllum þessum óhugnaði og var sem mátt drægi úr mér öllum. Vaknaði ég svo, og var eins og magnvana fyrst á eftir.

## II.

Draumur þessi á vafalaust upptök sín á öðrum hnetti, á einhverjum stað, þar sem hin illa stefna er ráðandi. Grimmd hinna ráðandi manna á þessum stað kemur fram í draumnum og minnir nokkuð á hringleikahús Rómverja hinna fornu og þær grimmdarlegu skemmtanir, sem þar fóru fram. Hafa þar vafalítið komið til greina áhrif frá hliðstæðum athöfnum illra mannvera annarsstaðar í heimi, þar sem slíkir leikar hafa farið fram, og verið einskonar fyrirmyndir þeirra leika, sem í Róm áttu sér stað.

*Ingvar Agnarsson*

*(Dreymt 21. okt. 1975).*

## Glitrandi flögur í draumi

### I.

Mér þótti ég vera atvinnulaus, og vildi gjarna fá eitthvað að starfa. Maður kom til mín, og bauð mér atvinnu við fyrirtæki, sem hann væri að setja á stofn. Fór ég með mannum, uns við komum á stað nokkurn, þar sem voru leirflög allstór. Þarna voru einhverskonar vélar, sem ég veitti ekki mikla athygli. Þótti mér þarna vera fyrirtæki það, sem maðurinn hafði talað um. Átti



ég nú að byrja að vinna. Leir eða leirduft var þarna í mörgum stórum skálum eða kerjum.

Fram að þessu hafði allt í draumum verið heldur dimmt, og veitti ég því sem fyrir augu bar ekki mikla athygli. Allt sem ég minnst að hafa séð, var dimmt og líflaust, eða eins og allt væri svart-hvítt og heldur ógreinilegt. Ekki var þó um neinar rangþýðingar að ræða. Ekkert var í draumnum, sem minnti mig á neitt úr vöku. En nú breyttist skyndilega litaskynjun mín. Ég tók hendi minni niður í eitt af þessum kerjum, og fyllti lófann með leirdufti því, sem mér þótti þar vera. Vildi ég athuga sem allra best þetta leirduft, því mér þótti eitthvað vera framleitt úr því. Bar ég höndina með leirduftinu upp að augum mér og sá þá að þetta voru smágerðar, ferhyrndar, örþunnar flögur, og þvermál þeirra, hvernar um sig, svo sem einn sentimetri. Liturinn var dökkblár, og glitruðu flögurnar fagurlega. Breyttist litblærinn nokkuð, eftir því sem ég hallaði lófanum til, eða eftir því sem birtan féll á flögurnar. Horfði ég á þetta um stund, og undraðist hin fögru litbrigði, sem þarna áttu sér stað.

Ég deyf nú hendinni niður í annað ker, og fyllti lófann af leirflögum úr því. Voru þær fagurgrænar, og glitruðu mjög fagurlega í ýmsum grænlitum litbrigðum.

Enn fyllti ég lófann með efni úr þriðja kerinu. Voru nú flögurnar ljósgular. Velti ég enn lófanum á ýmsar hliðar til að fá fram sem fjölbreyttust litbrigði. Þessi guli litur var svo skær, að ég man ekki til, að hafa séð eins skæran lit. Var ég heillaður af þessum fögru litbrigðum, og horfði ég lengi á flögurnar í lófa mínum.

Maðurinn kom nú aftur til mín og spurði, hvort mér litist ekki vel á að fara að vinna við þetta hjá sér. Kvað ég svo vera. Hann sagði, að ekki væri ólíklegt, að ég gæti orðið meðeigandi í þessu fyrirtæki síðar meir. Fannst mér heldur til bóta, að geta átt von á því.

## II.

Stilliáhrif frá meðbræðrum okkar ráða oft einhverju um drauma okkar, og um efni þeirra.

Í þessum draumi, er samband mitt við draumgjafa, sem er atvinnulaus, og finnst honum það vera nokkurt mein, svo sem alltaf er í raun og veru. Hann verður því feginn, þegar honum býðst atvinna.



Einhver brögð munu vera að atvinnuleysi hér, um þessar mundir, þótt ekki sé það algengt. Ræddi ég við einn nýlega, sem búinn var að vera atvinnulaus í þrjár vikur. Ekki þykir mér alveg ólíklegt að einmitt þetta hafi stillt mig til draumsambands við slíkan draumgjafa.

*Ingvar Agnarsson*  
(Dreymt 28. desember 1975).

## **Draumur um skip, sem fer á sjó og landi**

Mig dreymdi, að ég stóð nálægt sjávarströndu og horfði til hafs. Landið umhverfis mig var smáhæðótt en fjöll í fjarska. Skip kom af hafi og stefndi á land, svo sem tvo kílómetra frá mér, til hægri handar. Þetta var allstórt skip, í líkingu við millilandaskipin okkar, en yfirbyggingin þó miklu meiri og glæsilegri. Hvít var hún og sást fyrir mörgum gluggum. Skipið stefndi beint á land, og það sem var enn merkilegra, það hélt áfram upp á land, og fór inn á milli hæðanna á láglandinu. Hæðirnar skyggðu stundum á neðri hluta skipsins, en annað kastið sást það alveg. Það virtist stundum fara yfir smáhæðir, því þá hallaðist það aftur á bak, er það fór upp einhverja hæðina, en svo hallaðist það fram á við, er það fór aftur ofan af þessum smáhæðum.

Ég horfði um stund á þessa för skipsins, og þótti hún all-  
undarleg. Svo varð draumurinn ekki lengri.

Nokkrum sinnum hefur það komið fyrir, að mig hefur dreymt skip, sem gátu farið bæði á sjó og landi. Ekki veit ég hvort aðra dreymir slíka drauma, en fróðlegt væri að fréttu, hvort svo er.

*Ingvar Agnarsson*  
(Dreymt 1. sept. 1975).



## Sambandsfundir

### **Miðilsfundur 29. okt. 1973, að Álfrólsvégi 121**

Miðlar: Sigurður Ólafsson og Sveinn Haraldsson.

*Helgi Pjeturss* (Sveini): Komið sæl, Helgi. Þá er enn fundur og hugsa margir til ykkar stöðvar og reyna að efla fundinn. Þeir þurfa að koma sínum áhrifum betur fram. Það er nú ekki auðvelt viðureignar sem skyldi, ekki auðvelt að ná hér tökum á ykkar aflsvæði, eins og oft hefur verið minst á. Þó er ekki hægt að búast við skjóttum framförum, meðan þetta mikla mál nýtur ekki meiri stuðnings á ykkar jörð, en raun ber vitni. Oft er góð viðleitni ykkar. Vona ég að þetta eigi fyrir sér að verða árangursríkt mjög. Þá hef ég þetta ekki lengra og mun Dungal taka við.

*Niels Dungal* (Sveini): Komið sæl öll, hér, sem sitjið þennan fund í kvöld. Vonandi skortir hér ekki kraft, til að ná nokkru sambandi svo að umræður takist og magnan þarf að ná til hvers sitjara og allir þurfa að veita þeirri magnan viðtöku, hver í sínu lagi og heildin. Það er von mín, að með þessari tilraun muni mega koma á nægilega öflugum sambandi við hnött ykkar, til þess að sannfæra megí marga um, að þetta sé staðreynd og þá væri mikill sigur unninn. Nú væri það ekki óhugsandi, að slíkt mætti takast, þó ótrúlegt kunni að virðast, enn sem komið er. En nú virðist, sem hugir hneigist heldur í vísindaátt hjá ýmsum. Þá eru meiri líkindi til, að réttari skilningur fái notið sín og vísindin. Ýmsar rannsóknir hafa beinst mjög að hæfileikum ýmsum, sem löngum hafa verið vanskildir hjá mönnum og jafnvel ekki viðurkenndir sem skildi. Ef slíkur skilningur næði að eflast nógu vel, þá mætti vænta uppgötvana merkilegra á sviði lífsins. Þar sem slíkrar rannsóknir eru komnar lengst, hafa ýmsir merkilegir hlutir komið í ljós og má fullyrða, að þær hafi nálgast uppgövanir Helga Pjeturss á lífsbandinu, þó herzlumun vanti. Ég get nú ekki farið út í þetta meira að sinni. Ef þið vilduð nefna sjúklinga, er rétt, að þið gerið það nú. (Síðan voru nefndir ýmsir sjúklingar og hét hann að liðsinna þeim, eftir því, sem hann gæti). Lífsþróttur allur þarf að eflast og svo gæti orðið, fram yfir það, sem enn



hefur orðið. Erfitt er að hjálpa drykkjusjúklingum, en þó getur stundum tekist, með hjálp hinna lengra komnu. Möguleiki er á að hafa áhrif á þessa tegund eiturnautna. Koma þarf í veg fyrir að þeir umgangist þá, sem eru áfengiseitruninni háðir og það þarf að koma þeim á sérstakar stofnanir og hjálpa þeim að átta sig á forsendum þessa sjúkdóms. Lækning hans er jafnframt í því fölgín, að magna þessa menn til betri líðunar og hjálpa þeim til að beina huganum að einhverju fögru. Þetta þarf allt að ræða miklu betur en mun sleppa því nú. Þakka. Verið sæl.

*Ónefndur framlíðinn Reykvíkingur* (Sveini): Það er sterkur hugur til ykkar víða að úr vetrarbraut ykkar. Margir fylgjast með ykkar, menn af ýmsum þjóðum og kynþáttum. Þá er um að ræða mannkyn, sem nálgast guðsstigið og er það öflugt líf. Guðsstig er kallað, þar sem samstilling er á mjög háu stigi og þar sem þroski hvers einstaklings er á háu stigi og orka allra er orka eins, þar er guðsstigið réttnefni. Mjög þýðingarmikið er að stefna í þá átt og ef ekki er stefnt í þá átt, er stefnt í glötun. Undirstöðuatriði er að skilja, að annaðhvort getur lífið stefnt til vaxandi fullkomnunar, eða til æ meiri ilsku og þjáninga. Náttúrufræðileg sannindi eru það, að framlífið er í efnislíkama jafnt og frumlífið. Önnur jörð og annar líkami tekur við og áfram er lífað hnött af hnetti á meðan þroskast er í efnislegum líkama. Þjóðarsamstilling um þessa þekkingu gæti gjörbreytt lífi hennar og framtíð. Veit ég vel, að það er andstæð hugsun, sem mjög er ríkjandi, sem sigrast verður á, en þær hugsanir munu víkja fyrir réttum skilningi á eðli lífsins fyrr og síðar. Ég er nú að segja það, sem ekki þarf að ræða svo mjög við ykkur, en vildi aftur hamra á því, sem mestu varðar og það er undirstöðunauðsyn, að hugmyndirnar um framlífið megi skýrast og þekking koma í stað vanþekkingar. Ánægjulegt er að þið skulið hafa látið ykkur skiljast þessi vísindi, sem komin eru fram hér, um aðrar stjörnur og samband við þær, fyrir aukinn skilning og aukna góðvild, að mannkynið rati á hina réttu leið. . . . Um hnött minn er allt hið bezta að segja og lífið á honum er á góðri framfarabraut. Það er hægt að segja ykkur sitthvað þótt bæta þurfi ýmsu við, til þess að þig getið áttað ykkur á þessu betur. Allt er þetta nú eins og þið þekkið eða margt, en miklu betur stefnt og þá um leið úr sögunni ýmsir erfiðleikar, sem mjög vilja verða á vegi, meðan ekki er rétt stefnt. Andstilling þjóða og yfirleitt manna á milli er ekki til, svo friður ríkir um hnött minn allan. Margar þjóðir, stórar og smáar. eins



og á ykkar hnetti. Þetta er mjög mikil samvinna milli þjóðanna og allir gera sér ljósa grein fyrir því, að allt þarf að stefna að aukinni samstillingu.

(Spurning: Er fólksfjölgun hjá ykkur?)

Um fjölgun er að ræða. Hingað flytja menn af frumlífshnöttum og afkvæmi fæðast eins og á ykkar jörð, af manni og konu. Hér er tvennskonar fjölgun: Hér fæðast börn og hér koma fram nýir einstaklingar af öðrum hnöttum, þeir líkamast, ekki verður hér neitt til fyrirstöðu, að líkamning eigi sér stað, varanleg. En svo flytja menn héðan til annara hnatta, en þó án þess, að um elli og hrörnun sé að ræða. Dauðinn er eins og að leggjast til svefns og lifna upp aftur á öðrum hnetti. Lífið er allt hér miklu öflugra, en þið þekkið og hér þekktist ekki afturför, sem leiðir til elli og dauða, eins og þið þekkið. Líkaminn er hér miklu fegurri, er maðurinn nálgast flutning til annars hnattar, en er hann hóf líf sitt hér. Tíminn er hér mældur í einingum, í dögum og klukkustundum. Oft er þó hér vitað lengra fram í tímann en hjá ykkur og notfærum við okkur þá vitneskju. Við vinnum ýms störf og við vinnum að aukningu þroska okkar. Þar fer saman, hvernig gefst kostur á að menntast og auka þekkingu sína, á þann hátt, er hver einn óskar og öllum veitist tækifæri til, að efla sína hæfileika, andlega og líkamlega. Ýmsar þarfir eru fyrir hendi, líkamlegar og andlegrar, en orka er hér til að fullnægja þeim margfallega og unnt er að njóta fegurðar og alls góðs, meiri fegurðar og æ meiri hæfileika til að njóta hennar. Menntastofnanir hér eru merkilegar mjög. Ef ég ætti að nefna æðstu stofnanir okkar, mundi ég fyrst nefna hinar fullkomnu stjörnusambandsstöðvar og hinar fullkomnu vísindastofnanir. Ferðir milli hnatta og heimsóknir fáum við frá öðrum hnöttum í stjörnusambandsstöðvum okkar og er það óumræðilega fagur þáttur í lífi okkar. Yfirleitt ferðumst við til skyldra tilverustiga, getum helst komið þar fram. Þó eru möguleikar á, að koma fram á herra stigi, en þó aðeins um skamma stund. En þeir æðri geta fremur heimsótt okkur, en við þá. Með þessu móti auðnast okkur, að njóta æ fegurri sambanda upp á við og því fegurri sambanda sem lengra líður. Æsir sækja okkur oft heim og fylgir þeim hinn furðulegasti máttur og mætti um þetta margt segja, en læt þetta nægja að sinni. Verið sæl.

*Illugi Ásmundarson, bróðir Grettis* (Sveini): Komið blessuð og sæl. Illugi er ég nefndur, bróðir Grettis. Hans saga er rituð og hans örlög vitið þið. Treysta má aðalsöguþræðinum. Vorum saman



í Drangey. Um Gretti er sagt ýmislegt það, sem rétt er. Hann var afarmenni að afli og viti, eins og sagan segir. Það var ógæfa hans, að hann var öðrum framar að viti. Öfundin fór með hann.

(Spurning): Eruð þið saman bræðurnir?

Já, við erum samstirnir, erum á sama hnetti báðir. Er Grettir að afli miklu framar, en hann var á jörð ykkar og á vorum eftir að sýna ykkur það, fyrr eða síðar. Tel, að nú hafi allvel tekist um okkar viðræður að sinni. Verið sæl.

*Bjarni Benediktsson* (Sveini): Komið þið sæl. Það er nú ekki víst, að menn vilji taka mark á Bjarna Benediktssyni lengur eða telja hann íbúa annars hnattar. En þið munuð ekki telja það mikla fjarstæðu. Ég hygg, ekki, að þjóðin í heild, né margir sjálfstæðismenn, taki þetta trúanlegt. Það er nú ekki við því að búast, að þeir trúu, að ég sé á öðrum hnetti og ég tali þaðan til Íslandinga. Þetta er þó staðreyndin, þó ég geti ekki komið mönnum í skilning um það, sem skyldi. Ég tel mig nú kominn heldur lengra, en áður var. Veit mun meira en áður, um ýmsa áriðandi hluti. Ekki er víst, að þeir, er hugsa um stjórnur, gefi sér tíma til, að hugsa um ævi mína á öðrum hnetti, en ef svo væri, gæti svo farið, að þeir yrðu betri stjórnámálamenn en áður. Ekki óskilt þessu starfi, er að koma fram skilningi á því, hvernig lífið þróast, eftir að flutt er á annan hnött. Þeir gætu lært af að vita um þá þróun. Ekki væri vanþörf á, að komið gætu fram stjórnubúar og talað við jarðarbúa. Eins og ykkur hefur skilist, er svo komið hagmannkynsins, að annaðhvort verður að snúa til lífstefnu, eða helstefnan mun eyða öllu lífi. Þetta skildi ég ekki áður, þótt ég sæi nokkuð, hvert stefndi á jörðinni, en áttaði mig þó ekki á, hvað gæti breytt þessari þróun. Nú veit ég hve þýðingarmikið er að breyta um í lífstefnu og í hverju lífstefnan er fólgin. Vísindi í stað trúar og vantrúar og samband við æðri verur á öðrum hnöttum. Það þyrfti að verða áhugamál alls mannkynsins. Nú legg ég sérstaklega stund á líffræði, ég er í skóla.

(Spurning: Hafa menn frá öðrum hnöttum komið til jarðarinnar?).

Varla að um heimsóknir hafi verið að ræða frá öðrum hnöttum. Þó má telja nokkurn vísu að slíkum heimsóknum á miðilsfundum, þegar líkamningar koma fram. Ólíklegt þykir mér þó, að aðrar heimsóknir til jarðar hafi átt sér stað, eins og þið hafið lesið, en vil þó ekki fullyrða það. (Hér hafði verið spurt um bókina: Voru guðirnir geimfarar).



(Spurning: Er hægt að breyta stefnunni?).

Ég sé ekki annað, en að ef Íslendingar ekki verða til þess, þá muni ekki verða mikil framtíð eða góð á jörð ykkar. Ég tel, að þetta eigi að geta tekist, og verður að vinna að því með öllum tiltækum ráðum og við, allir Íslendingar, að taka þátt í því, ef vel á að takast. Tilraun ykkar er góður vísir. Þetta er þýðingarmikill þáttur í þeirri framtíð, sem skapa verður. Trúarbrögð eru meira og minna misskilningur, þótt rétt sé það, sem undir býr. Líffræði verður þar að koma og náttúrufræði, í trúar stað, þegar samband milli stjarna verður augljóst. Samband við líf á öðrum hnöttum er undirstaða hinna ýmsu trúarbragða og þau geta ekki bjargað mannkyninu, eins og löngu er komið fram. Nauðsyn er, að komast yfir trúarbragðastigið. Hef ekki tök á, að rökstyðja þetta nú og mun ekki hafa þetta lengra. Verið sæl.

*Inguar Agnarsson,  
ritaði jafnóðum og talaðist.*

## **Miðilsfundur 14. ágúst 1973**

Ég ætla að reyna að segja nokkuð frá þessum miðilsfundi. Fyrsta hálf tímamán sátu miðlarnir hljóðir, sambandið var lengi að komast á. Síðan töluðu (hjá Sveini), Óðinn, Þór og Sif og töluðu um samband milli hnatta og um viðleitni sína til að hjálpa jörð okkar og öðrum jörðum, sem illa væru á vegi staddar. Allir íbúar þeirra hnattar og jafnvel allir í þeirra vetrarbraut væru mjög samstilltir og einhuga í þessu hjálparstarfi. Þeir kváðust tala frá sínum heimahnetti.

Þar næst kom í sambandið Agnar, faðir minn, og mun ég að sinni sleppa að birta frásögn af hans ræðu.

Þar næst talaði Ólafur Thors. Kvaðst hann eiga heima á hnetti í okkar vetrarbraut, þar sem lífið væri á framfarabraut. Hann mætti á þessa leið: „Við erum hér stödd í stjörnusambandsstöð. Er hún mikil og fögur. Er hún mikilfenglegri en svo, að, ég geti lýst henni fyrir ykkur. En þó get ég sagt ykkur, að hún rúmar 60 þúsund manns. Stöðin stendur uppi á fjalli, en þó er ekki erfitt að komast hingað, ýmist í farartækjum eða svífandi. Ég er farinn að geta svifið Stundum fáum við hér dýrðlegar heim-sóknir guða og gyðja. Fylgir þeim kraftur mikill svo að við öll



mögnumst mjög. Nú eigum við von á einni svona heimsókn. Munu það vera guðlegar verur frá annari vetrarbraut.

Næst talaði Lofn (sem er ein af Ásynjum). Hún talaði á þessa leið: „Ég er Lofn. Hann Ólafur Thors sagði áðan að von væri á gestum. Og nú erum við komin fram hér í þessari stöð, í ykkar vetrarbraut. Við náum oft betra sambandi við ykkur, ef við förum í heimsókn til einhvers hnattar í ykkar vetrarbraut og tölum við ykkur þaðan. Sá hnöttur eða sú stöð verkar þá sem millisamband. Ef þið væruð mun samstilltari og fleiri, gætum við líka komið í heimsóknir til ykkar. Og það er takmarkið, að efla svo lífsambönd við ykkar jörð að heimsóknir verði mögulegar.

(Þessi frásögn af miðilsfundi, er ekki rituð jafnóðum og talaðist, heldur þegar að honum loknum. Ekki er því um orðréttu upptöku að ræða; en ég tel, að efnislega sé rétt á málum haldið).

*Ingvar Agnarsson.*





# Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

---

## EFNISYFIRLIT

### ERINDI OG GREINAR:

Fjarlæg vetrarbraut NGC 1300 (Sjá forsíðumynd). I. A. ....	Bls. 110
Aldaskiptaráðstefna á Íslandi. P. G. ....	— 111
Hvernig komst járnklukkan til lands? I. A. ....	— 117
Entelekhían. K. N. ....	— 118
Hugleiðingar um svefn og drauma. G. G. ....	— 125
Lundúnaferð. P. H. ....	— 128
Ár ok friðr. B. B. ....	— 129

### LJÓÐ:

Úr bréfi til Kristjáns. P. J. ....	— 132
------------------------------------	-------

### DRAUMAR:

Dreymt á síðastliðnum vetri. S. G. ....	— 133
Draumur um leiksvæði í illum stað. I. A. ....	— 134
Glitrandi flögur í draumi. I. A. ....	— 135
Draumur um skip, sem fer á sjó og landi. I. A. ....	— 137

### SAMBANDSFUNDIR:

Miðilsfundur 29. okt. 1973, að Álfhólsvegi 121 ... Helgi Pjeturss. — Níels Dungal. — Ónefndur maður. — Illugi Ásmundarson.	— 138
Miðilsfundur 14. ágúst 1973. I. A. ....	— 142

### MYR:

Úr ljóðum Einars Benediktssonar ....	— 131
--------------------------------------	-------